

Fagháskólanám í leikskólafræði

Starfar þú í leikskóla og langar þig að verða leikskólakennari? Ertu leikskólaliði ekki með stúdentspróf? Þá gæti fagháskólanám í leikskólafræði verið fyrir þig

Við munum taka inn nýjan nemendahóp í námið núna í haust. Námið er hálft nám (15 einingar á misseri) með vinnu, háð ákveðnum skilyrðum. Kennt er einn morgun í viku í þrjá tíma í senn. Námið tekur tvö ár og að því loknu útskrifast nemendur með diplómu og geta sótt um inntöku á annað námsár í leikskólakennarafræðum við HÍ eða HA.

Fagháskólanám í leikskólafræði er ný sameiginleg námsleið Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri sem hóf göngu sína haustið 2023. Með þessari námsleið er fólki sem starfar í leikskólum gert kleift að byggja ofan á þekkingu sína og hæfni. Í náminu er lögð áhersla á að efla starfsfólk í vinnu sinni með börnum og að auka fagþekkingu þess á grunnþáttum í menntun ungra barna.

Við hvetjum þig til að kynna þér hvað felst í þessu námi og hvort námsleiðin henti þér.

Nánari upplýsingar á vefsvæðum háskólanna:

Fagháskólanám í leikskólafræði - Grunndiplóma (60e) HÍ

Fagháskólanám í leikskólafræði - Grunndiplóma (60e) HA

Við viljum bjóða þér að koma á kynningu á námsleiðinni. Í boði verða þrjár rafrænar kynningar í byrjun maí.

Fimmtudag 2. maí kl. 14:00

Föstudag 3. maí kl. 10:00

Mánudag 6. maí kl. 17:00



SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS!



Anna Gréta er verkefnastjóri fagháskólanámsins í Háskóla Íslands auk þess að sinna kennslu. Ykkur er velkomið að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.



525 5343



agg@hi.is



Alda er verkefnastjóri fagháskólanámsins í leikskólafræði í Háskólanum á Akureyri og sinnir einnig kennslu. Hún tekur vel á móti þér og svarar fyrirspurnum sem þú kannt hafa.



460 8057



alda@unak.is